

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI

HAGKAUP
Skammtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Birnu Bragadóttur
forstöðukonu
Elliðaárstöðvarinnar



Þátttakendur með útskriftarskírteini sín.

Leiklistar- og lagasmíðanámskeið hjá Tjörninni

Frístundamiðstöðin Tjörninn stóð fyrir leiklistar og lagasmíðanámskeið í Spennistöðinni fyrir börn á aldrinum 10 til 12 ára úr hverfinu um mánaðamótin júní-júlí. Námskeiðinu var skipt upp í tvennt, við byrjuðum á leiklistinni fyrri part vikunnar þar sem farið var í allskonar leiklistartengda leiki, upphitunarleiki, hópeflisleiki, einbeitingarleiki og loks endað í spuna.

Síðari hluta vikunnar var lögð áhersla á lagasmíð, horft á fræðslumyndbönd, hlustað á mismunandi tónlistarstíla. Síðan var hópnum skipt upp og farið var í að semja eftir þema og afraksturinn tekinn upp í stúdíóinu okkar. Þar fæddust popplög, barnalög, rokklög og kvikmyndatónlist. Einnig var farið í nokkrar textaæfingar og það var ótrúlega gaman að fylgjast með krökkunum gleyma sér í að skapa. Námskeiðið gekk ótrúlega vel og í lok þess var haldin lítil útskriftarathöfn þar sem öll þau sem kláruðu námskeiðið fengu útskriftarskírteini og kynntu fyrir hópnum hugmyndirnar sínar og sum spiluðu hljóðbrot úr stúdíóinu.

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings

Hagstætt verð

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2



Melabúðin

VERSLUN SÆLKERANS

Nú er farið að hausta

Nú er uppskerutími -Íslenskt grænmeti í úrvali

**Spergilkál, Blómkál,
Hvítkál, Gulrætur,
Rófur, Grænkál,
Kartöflur ofl.**

**Grísakjöts-
tilboð í
kjötbörðinu**
gildir
25.-28. ágúst



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Frankvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

8. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Forstjóraþotur

Umferð erlendra einkaflugvéla, oft kallaðar forstjóraþotur, um Reykjavíkurflugvöll hefur verið til umræðu að undanförunu. Mörgum brá við þegar til umræðu komst hvað kostaði að leigja stæði fyrir þær á flugvöllinum. Að leigugjald fyrir stæði fyrir þær væri lægra en fyrir bíla í bílajakallara undir Hafnartorgi.

Í savía er ekki þekkt fyrir að verðleggja þjónusta sína á lægri nótum. Það þekkja þeir sem farið hafa um Keflavíkurflugvöll. Því vakna spurningar af hverju farið er svo mjúkum höndum um stórfyrirtæki og auðmenn.

Auk þess má benda á að þessar vélar skapa oft hávaða, einkum í flugtaki sem geta valdið óþægindum fólks á jörðu niðri.

Fyrir tæpum áratug náði Reykjavíkurborg samkomulagi við ríkið 2013 um að gera nýjan völl fyrir æfingakennslu og einkaflug. Ekkert hefur orðið úr en málið tafist vegna athugana um byggingu flugvallar í Hvassahrauni.

Ef af því veður er áætlað að æfinga- og kennsluflug flytjist þangað ásamt innanlandsfluginu. Þá veður að gera ráð fyrir að erlendar forstjóra- og auðmannapötur fá einnig lendingarstað þar.

Hver sem niðurstaða Hvassahraunsmálsins verður eru ár eða jafnvel áratugir þar til slíkur flugvöllur verður tilbúinn. Á meðan þarf að leita annarra lausna. Forstjóraþoturnar geta lent á Keflavíkurflugvelli.

Erfiðara mun að finna skammtímalausn á æfinga-, kennslu- og einkaflugi. Ef til vill kemur Keflavíkurflugvöllur einnig til greina þótt takmörk séu fyrir hversu mikla umferð hann ber.

Vesturgata 67

Frankvæmdir stöðvaðar

Byggingarleyfi vegna fjögurra hæða húss Félagsbústaða á Vesturgötu 67 sem borgaryfirvöld veittu í janúar á þessu ári hefur verið fellt úr gildi. Verið er að byggja fjögurra hæða hús með sex íbúðum og starfsmannarými á lóð þar sem áður var talsvert minna hús.

Þrátt fyrir andstöðu nággranna sem sögðu hið nýja kassalaga hús á skjön við götumyndina og þar með ekki uppfylla skilmála deiliskipulags réðst borgin í framkvæmdir við hið nýja hús. Félagsbústaðir hf. höfðu á árinu 2020 fengið deiliskipulagi breytt svo í stað húss upp á tvær og hálfra hæð má byggja fjögurra hæða hús. Rök í málinu eru að öll aðliggjandi hús og öll hús í nærliggjandi götum eru með mænispaki, en á Vesturgötu 67 á að reisa hús sem er kassalaga með flötu þaki. “Það passar alls ekki inn í götumyndina,” segir um sjónarmið þeirra sem



Vinnusvæði við Vesturgötu 67 þar sem framkvæmdir hafa verið stöðvaðar.

kærðu málið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þá segir einnig að telja verði að götuhlið Vesturgötu 67 muni stinga verulega

í stúf við aðliggjandi hús sem öll eru með mænispaki og reglubundna gluggasetningu,” segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar.

Hamragarðar seldir

Hamragarðar sem er einbýlishús að Hávallagötu 24 og var reist fyrir Jónas Jónsson frá Hriflu var selt á 315 milljónir króna í júní. Húsið er 380 fermetrar að stærð og verð á fermetra var því 830 þúsund krónur. Kaupendur eru Bjarni Gaukur Sigurðsson og Elísabet Jónsdóttir, sem eiga listarýmið Mengi. Húsið, sem var byggt árið 1941, var teiknað af Guðjóni Samúelssyni, fyrrverandi húsameistara ríkisins. Samband íslenskra samvinnufélaga byggði húsið sem skólastjórabústað fyrir Jónas. Jónas var formaður Framsóknarflokksins í áratug og dóms- kirkjumálaráðherra um ára bil.

Mengi var opnað árið 2013 af þeim hjónum en tónlistarmaðurinn Skúli Sverrisson hefur verið listrænn stjórnandi frá upphafi og tónlistarkonan Ólöf Arnalds virkur þátttakandi í starfsemi. Listhúsið Mengi hlaut Menningarverðlaun DV 2015 í flokki tónlistar. Í rökstuðningi dómnefndar segir: „Menningarsetrið Mengi hefur



Hamragarðar við Hávallagötu var reist fyrir Jónas frá Hriflu og teiknað af Guðjóni Samúelssyni.

á undanförunum árum haldið úti kraumandi og vandaðri dagskrá viðburða af öllu tagi. Á örfáum fermetrum á Óðinsgötu hafa verið haldnir árlega hátt á annað hundrað viðburða; tónleika, myndlistar-, dans- og leiksýninga. Hvað tónlist

varðar hefur Mengi skapað fágætan vettvang fyrir samtal og sköpun óháð formi, tíma eða stað, þar sem á einum mánuði má heyrja innlenda sem erlenda listamenn flytja rokk, raftónlist, barokk, þjóðlög, sam-úmatónlist, djass eða allt í senn.“

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

BÝR
DANSARI
Í ÞÉR?

INNTRITUN HAFIN

KLS

dansgardurinn.is
Grensásvegur 14 og Álfabakki 14a

ÖSKANDI

oskandi.is


Eiðistorg



Öruggara spjall

Í Öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

Góð þjónusta breytir öllu



Er um að gera vögggu veitnanna í Elliðaárdal sýnilega

- segir Birna Bjarnadóttir í spjalli við Vesturbæjarblaðið

Rafstöðin við Elliðaár eða Elliðaárstöðin varð 100 ára á síðasta ári. Eftir að raforkuframleiðsla var hætt í Elliðaárdalnum og í tilefni af 100 ára afmæli Elliðaárstöðvar var blásið til hugmyndasamkeppni þar sem markmiðið var að gera mannvirki OR í Elliðaárdalnum aðgengileg almenningi og varpa ljósi á þátt veitnanna í þróun borgarsamfélagsins. Hönnunarhópurinn Terta sigraði samkeppnina og framkvæmdir hófust í október 2020.

Birna Bragadóttir var í framhaldi af því ráðin forstöðukona Elliðaárstöðvar. Birna er með MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík og hefur starfað sem stjórnendaráðgjafi fyrirtækja. Hún var framkvæmdastjóri Sandhotel og starfaði við uppbyggingu hótelsins við Laugaveg. Birna starfaði það tók aðeins átján mánuði frá því að ákvörðunin var tekin að hrinda henni í framkvæmd. "Við tölum stundum um Elliðaárdalinn sem vögggu veitnanna. Saga Orkuveitunnar tengist Elliðaárdalnum órjúfanlegum böndum. Hér er ekki aðeins fyrsta rafveitan. Hér á vatnsveitan einnig uppruna sinn. Vatnsupptaka hófst hér í Elliðaánum árið 1909, en þar var tekið yfirborðsvatn áður en grunnvatnsupptaka hófst í Gvendarbrunnnum sem þótti heilnæmara. Svo erum við með jarðhitann hér. Hér eru einnig margar af borholum hitaveitunnar sem enn eru í notkun. Litlu rauðu húsin sem margir vita ekkert af."

Starfið tengist náttúru og útivist

Birna var fyrst innt eftir því hvernig hún fékk áhuga á þessu verkefni og hvers vegna hún tók starfið að sér. Hún kveðst sjálf vera mikil útivistarmanneskja og þegar hún hafi séð þetta starf auglýst hafi áhugi hennar vaknað. Í því gæti hún sameinað reynslu af fyrri störfum og áhugamál sín. Birna starfaði lengi að mannauðsmálum og í ferðaþjónustu. „Mér fannst þetta strax vera ótrúlega spennandi verkefni sem myndi geta sameinað það sem ég hef verið að gera, virkjað fólk og nýtt áhuga minn og reynslu úr ferðaþjónustunni. Ég hef líka stundað útivist markvisst síðustu árin og hef sérstaklega gaman af því að skora á sjálfan mig á þeim vettvangi. Ég hef til dæmis farið tvisvar yfir Vatnajökul endilangan á gönguskíðum og synt Ermarsundið í boðsundi. Starfið tengist áhuga mínum á hreyfingu og þá einkum úti í náttúrunni. Við það bættist svo áhugi minn á orkumálum ásamt hönnun og nýsköpun. Svo hef ég gaman af fólki og nýjum hugmyndum. Svona verkefni vinnst ekki nema í góðu samstarfi, bæði við hagsmunaaðila og nágretta.“

Vagga veitnanna

Elliðaárstöð sem tekin var í notkun árið 1921 er í hópi falllegustu bygginga í Reykjavík. Að utan er stöðin stílhrein, með rauðu bárujárnsþaki og bogadregnum gluggum, og hafa ófáir gestir á orði að hún minni helst á kirkju. Þegar inn er komið blasir við

stórglæsilegur vélasalur, eins og þeir þekka sem skoðað hafa. Vandað var til verka og stórhuga fólk fór í að virkja og koma lýsingu á borgina sem þá var innan við 20 þúsund manna samfélag. Hugmyndin um að virkja var talsvert umdeild á sínum tíma og rætt um hana en hún á vatnsveitan einnig uppruna sinn. Vatnsupptaka hófst hér í Elliðaánum árið 1909, en þar var tekið yfirborðsvatn áður en grunnvatnsupptaka hófst í Gvendarbrunnnum sem þótti heilnæmara. Svo erum við með jarðhitann hér. Hér eru einnig margar af borholum hitaveitunnar sem enn eru í notkun. Litlu rauðu húsin sem margir vita ekkert af."

Skógræktin á sér sína sögu

"Skógræktin á sér líka sína sögu í Elliðaárdalnum. Fyrsta skógræktarferðin hingað í dalinn var farin árið 1951. Fyrir þann tíma var Elliðaárdalurinn bara mór og mýrar. Skógurinn hér er því manngerður. Það var falleg hugsjón starfsfólks rafmagnsveitunnar, þessi hringrásar hugsjón sem er svo mikilvæg, sem var upphaf þessarar skógræktar. Að við nýtum náttúruna eins og við gerðum á þessum tíma og nýtum vatnið til að virkja og búa til rafmagn á sjálfbæran hátt. Starfsfólk rafmagnsveitunnar vildi gefa til baka og hingað var farið í miklar skógræktarferðir á hverju ári."

Danski kóngurinn átti veiðiréttinn

Við gengum um rafstöðvarhúsið og Birna bendir á markverða hluti. "Hér er gamla aðfallspípan og hér eru túrbínurnar. Það er ártal á fyrstu tveimur sem var kveikt á. Þær voru smíðaðar árið 1920 og Kristján X Danakonungur og Alexandrina drottning komu hingað til lands til þess að vígja rafstöðina og ræsa hana. Hér var vandað vel til verka og byggingin er enn eins



Birna Bragadóttir við strætisvagn þar sem auglýsingu um Elliðaárdalsverkefnið hefur verið komið fyrir.

og hún var árið 1921 en aðeins var bætt við endann á stöðvarhúsinu til þess að koma stóru túrbínunni, þeirri sem síðast var sett upp. Virkjunin framleiddi ekki mikið. Hún gat framleitt um þrjú megavött. Fljótlega kom í ljós að hún var ekki nægilega stór til að mæta þeirri orkuþörf sem var til staðar og því var farið að horfa í kringum sig eftir nýjum virkjanakostum og beindust augu manna að Soginu." Birna bendir á klukka sem hangir á vegg í stöðvarhúsinu. "Þessi klukka er gjöf frá Kristjáníu sem er móðurborg Oslóar höfuðborgar Noregs 1921. Hún gengur enn og slær og ég var að trekkja hana síðast í morgun. Eitt hundráð ára gömul klukka í fullu lagi, tímalaus hönnun sem endist." Birna bendir á myndir frá fyrsta tíma virkjunarinnar. Þar á meðal mynd af Kristjáni X þar sem hann var að veiða í Elliðaánum. Dansk konungurinn átti veiðiréttinn í ánum allt fram að 19 öld."

Gera veiturnar sýnilegar

Elliðaárdalurinn var sveit á þessum tíma. Engin byggð þótt einhver sumarhúsabyggð risi þar að mestu utan skipulags sem var ekki til á þeim tíma. "Hér var búið um starfsfólk sem starfaði við virkjunina," heldur Birna áfram og bendir á stöðvarstjórahúsið. "Þar bjuggu þrjár fjölskyldur og nú verður þetta hús gert að heimili veitnanna. Hugmyndin er að



Rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal. Ljóst er að þarna var ekkert til sparað að gera aðstöðu rafveitunnar sem glæsilegasta.

halda þessu eins og heimili en þar ætlum við að gera veitunum skil. Gestir fá að kynna þvi hvernig allar veiturnar þræðast inn í og í gegnum vegg og gólf hússins og síðan út í hið stóra, niðurgrafna kerfi lagnanna. Þá erum við að tala um rafveituna, kalda og heita vatnið, fráveituna og síðan ljósleiðarann. Mitt verkefni er að gera veiturnar sem eru ósýnilegar undir okkur öllum og eru okkur grunnur að lífsgæðum sýnilegar og fræða almenning og þá ekki síst ungmenni um mikilvægi þessara þátta samfélagsins. Við munum leggja

áherslu á að fá skólabörn hingað og fræða þau um auðlindirnar sem eru ómissandi hluti af daglegu lífi; kalda vatnið úr krananum, orkuna sem kemur úr árstraumnum eins og rafmagnið til að hlaða símana. Við lítum einnig á útisvæðið sem skapandi leiksvæði þar sem hægt er að fræðast um veiturnar. Við lítum á þessar lífæðar samfélagsins og náttúruna sem eina heild. Þetta tengist allt. Tengir okkur saman og eru einnig mikilvægar fyrir okkur og framtíðina. Við vonumst til að geta farið að taka á móti skólahópum með haustinu."



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is



Túrbínur rafstöðvarinnar.

Leiksvæði, skruðgarður og veitingaþjónusta

Birna röltir áfram um svæðið með komumanni. “Hér erum við að gera leiksvæði. Það er ekki alveg tilbúið en erum að leggja lokahönd á verkið. Hér er líka fallegur skruðgarður. Honum verður haldið eins og hann er. Mér skilst að þessum stóra hlyn sem er hér hafi verið plantað árið 1921. Ég frétti það frá afkomendum fólks sem bjó í starfsmannahúsinu.” Fleiri hús standa á lóðinni sem byggð voru á árdögum virkjunarinnar. Birna bendir á neðstu húsaþyrpingu. “Hér voru smiðja, fjós og hlaða. Vegna þess að þetta var upp í sveit þurfti að vera með búskap. Fólk hljóp ekki út í mjólkurbúðina. Það þurfti að fara í fjósið. Hér verður komið upp veitingaþjónustu þar sem gestir dalsins geta sest niður eftir gönguferðir eða hjólatúra - jafnvel eftir góða veiði í ánum, fengið sér kaffisopa og eitthvert kruðerí. Við hugsum leiksvæðið hér sem skapandi fyrir krakka. Hér mun vatn verða látið renna út um allt og búið

er að undirbúa regnvatnstjörn á svæðinu.” Birna bendir á skúlptúr sem er endurgerð af Elliðaárstíflunni og segir að volgt vatn renna og sprautast upp þar sem krakkar geti sulað og leikið sér. “Hér verður líka salernisaðstaða og nestisaðstaða fyrir fólk sem kys að koma með nesti. Fólk getur farið í lautarferð með fjölskylduna hingað.” Birna segir að Leikhópurinn Lotta hafi verið með sýningar á rafstöðvarsvæðinu. Þau verða á túni skammt frá byggingunum og ætlunin er að fleiri hópar verði á svæðinu. Þar á meðal sirkusinn Hringleikur. “Allt verður þetta tengt orku og vísindum með sköpunargleðina að leiðarljósi. Tengt svæðinu og sögunni.”

Gufuborinn Dofri settur upp

Birna bendir á hnullunga sem komið hefur verið fyrir. Segir þá gamla borkjarna sem settir hafa verið upp. Síðan sé ætlunin að setja gufuborinn Dofra upp en með honum var borað fyrir heitu

vatni í Reykjavík. Búið er að steypa plan undir hann. “Hér fær hann sitt framtíðarheimili auk þess sem höggbor verður settur upp. Þarna verður kjörið tækifæri til þess að fræða fólk um hitaveituna sem voru önnur orkuskipti okkar. Fyrstu orkuskiptin hófust með rafveitunni. Síðan kom hitaveitan og útrýmdi olíu- og kolakýndingum og nú eru þriðju orkuskiptin að hefjast sem eiga sér stað í samgöngum.” Turn stendur við endann á skrifstofu byggingunni. Birna segir að þar hafi verið spenniverkstæði og með því að opna hann verði komið viðburðarymi. Jafnvel megi setja upp leiksýningar og annað í þeim dúr í turninum.

Gestgjafar dalsins

Næst liggur leiðin upp á aðra hæð í húsi sem hýsti straumskiptastofuna sem tengdi rafstöðina í Elliðaárdal við Sogsvirkjunina á sínum tíma. Þar hefur Birna komið upp lítilli gestastofu og býður upp á kaffi. Hún segir að áfram verði unnið við húsið þegar útisvæðin hafi verið klárud. Það sé síðari tíma mál. Forgangsröðun sem unnið er eftir sé með þeim hætti. “Ég og mitt teymi erum meira og minna hér í dalnum. Vinnuaðstaðan okkar er hér og við tökum að okkur hlutverk gestgjafa dalsins. Þetta er að taka á sig mjög skemmtilega mynd og á eftir að verða bæði skemmtilegt og ekki síður fróðlegt

þar sem fólk getur heimsótt dalinn bæði sér til fróðleiks og einnig til skemmtunar í mestu útvistarperlu borgarinnar.” Birna leggur áherslu á hversu Elliðaárdalurinn er orðinn miðsvæðis í borginni. Þangað liggja leiðir úr flestum byggðum og hverfum. Ótrúlega mikil forréttindi séu fólgin í því að eiga svo fallegan borgargarð með laxveiði, skíðaíþrótt og aðra fjölbreytta íþróttastarfsemi. „Svo eigum við góða nágranna í Árbæjarsafninu og Hitt húsið er hér á móti. Ég trúi því að fólk eigi eftir að læra að meta dalinn enn frekar og það sem hann hefur og mun hafa upp að bjóða í framtíðinni.”

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

**ÓGLEYMANLEG
UPPLIFUN
Í MAT OG DRYKK**

HÉÐINN
KITCHEN & BAR

Seljavegi 2, 101 Reykjavík
s. 419 2020
hedinnrestaurant.is



Beðið eftir niðurstöðu um Hvassahraun eða annars



Einkapötur á Reykjavíkflugvelli.

Einkapötum sem hafa viðkomu á Reykjavíkflugvelli hefur fjölgað í sumar. Um eitt hundrað einkapötur höfðu lent á Reykjavíkflugvelli um miðjan júlí. Vélarnar skapa tekjur fyrir flugvöllinn þótt deilt sé um hvort gjaldtaka fyrir stæði þeirra sé nægilega há. Sitt sýnist þó hverjum um ágæti þeirra. Þær geta valdið töluverðum hávaða í flugtaki, sem er mörgum borgarbúum til ama. Eins hefur lengi verið horft eftir að æfinga- og einkaflug verði flutt af Reykjavíkflugvelli.

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, lagði fram tillögu í borgarráði um að einkaflug og þyrlluflugi í einkaerindum yrði vísað annað. Tillagan gerir ráð fyrir að borgarstjóra verði falið að semja við samgönguyfirvöld um málið.

Reykjavíkurborg náði samkomulagi við ríkið 2013 um að gera nýjan völlu fyrir æfingakennslu og einkaflug. Það er flugstarfsemi sem tengist ekki innanlandsfluginu en stendur á bak við flestar flughreyfingar eins og það er kallað á Reykjavíkflugvelli. Samkvæmt samkomulaginu átti það gera fljótt en ekkert hefur enn orðið úr framkvæmd. Rekið var eftir þessu við ráðuneytið fyrir nokkrum misserum og svörin voru á þá leið að ríkið ætlað að efna þessa samninga. Það sem hefur tafið málið er að verið er að bíða eftir niðurstöðum rannsókna í Hvassahrauni og horft til þess ef það gengur upp. Hvassahraunsmálsins tengjast því hvort og þá hvenær hafist verði handa um nýjan flugvöll í Hvassahrauni. Verði hann byggður mun hann einnig taka við innanlandsfluginu og að líkindum hluta millilandaflugs. Spurningar hafa þó komið upp um hvort Hvassahraun sé of nálægt þeim svæðum á Reykjanesi þar sem jarðhræringar og eldgos hafa orðið nýverið. Hvort skynsamlegra væri að byggja flugvöll fjær. Ef til vill á Mýrum eða fyrir austan fjall en ekki of langt frá höfuðborgarsvæðinu. Trúlegt er að framhald jarðhræringa á Reykjanesi og afleiðingar þeirra geti ráði þar nokkru um. Tíminn til ákvarðanatöku í þeim efnum er ekki endalaus.

Framkvæmdir hafnar við Hlemmtorg

Bíllaus Hlemmur innan þriggja ára

Miklar breytingar eru fyrirhugaðar við Hlemmtorg. Fyrstu framkvæmdir við torgið eru hafnar. Um er að ræða fyrstu áfanga framkvæmda við að innleiða nýtt deiliskipulag fyrir Hlemm sem var samþykkt í byrjun árs 2020. Framkvæmdirnar sem nú eru hafnar ná frá Bríetartúni að Gasstöðinni á Hlemmi en lokað hefur verið fyrir Rauðarárstíg frá Bríetartúni. Ekki verður opnað fyrir almenna bílaumferð um Rauðarárstíg aftur en þar er meðal annars gert ráð fyrir bekkjum og leiksvæði.

Áætluð verklok á þessum fyrsta áfanga eru næsta vor. Ekki er gert ráð fyrir umferð einkabíla við torgið í framtíðinni og fær einkabíllinn að víkja fyrir almenningsamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Gert er ráð fyrir að Hlemmur verði með öllu bíllaus á næstu þremur árum. Þetta verkefni hófst með



Fyrirhugað útlit umhverfis við Hlemm.

endurskipulagningu og opnun mathallarinnar Hlemmi. Nú er hafin vinna við torgsvæðið í áföngum og að koma fyrir Borgarlínunni fyrir. Einnig að að koma upp skemmtilegum leiksvæðum fyrir

alla aldurshópa og gera þetta að mannlífsmiðju í borginni. Hús verða endurgerð og komið fyrir svæðinu, svið verður sett upp og önnur stórskemmtileg áform eru á döfinni.

Vilja kristmynd Thorvaldsens í Hallgrímskirkju

Hópur áhugafólks vill fá kristmynd Bertels Thorvaldsens sem ígildi altarástöflu innan við altari Hallgrímskirkju í Reykjavík. Fram til þessa hefur þó ekki verið áhugi fyrir því innan sóknarnefndar kirkjunnar. Thorvaldsen gerði styttuna upphaflega úr gísi en hún var síðan höggvin í marmara. Kristmynd Bertels Thorvaldsens er í Frúarkirkjunni í Kaupmannahöfn en ekki er lagt til að Íslendingar gerum kröfu til þeirrar styttu. Fleiri eintök hafa verið gerð úr marmara og nákvæm mál hennar hafa verið skráð og eru geymd í Vatikaninu í Róm.

Kristmyndin er eitt þekktasta verk Thorvaldsens. Styttan er 3,45 metrar á hæð og telja áhugasamir um uppsetningu hennar að hún mynd sóma sér vel í krónum í Hallgrímskirkju. Bertel Thorvaldsen var íslenskur í föðurætt og er listfengi að finna í ættum hans. Kristján Eldjárn forleifafæðingur og fyrrverandi forseti Íslands ritaði grein í sýningarskrá fyrir stórsýningu sem haldin var á verkum



Séð inn í kór Hallgrímskirkju.

Thorvaldsens á Kjarvalsstöðum 1982. Sú sýning var fyrsta stóra sýningin sem Thorvaldsen-safnið í Kaupmannahöfn stóð fyrir utan Danmerkur. Kristján kom þar meðal annars inn á listfengi í ættum sem stóðu að Thorvaldsen hér á landi. Hugmyndin um að fá Kristmynd Thorvaldsens í kórin í Hallgrímskirkju hefur áður

komið fram. Hún var meðal annars til umræðu í sóknarnefnd kirkjunnar fyrir einhverjum árum. Hún hún þó ekki hafa hlotið miklar undirtektir. Mönnum hafi þótt stytan of stór fyrir einfaldleika kórsins og ekki verið rædd síðan á þeim vettvangi.



Netverslun:
systrasamlagid.is



husgje

COFFEE & MICRO BAKERY
SELJAVEGI 2
101, REYKJAVÍK
OPIÐ ALLA DAGA 8-17





20%
afsláttur af umgjörðum og glerjum fyrir námsmenn.

Tilboð gildir dagana 8 - 31. ágúst í verslunum Eyesland.

Grandagarði 13 · Glæsibæ, 5.hæð · eyesland.is

eyesland



BÚUM VEL

Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið 11-16
alla virka daga



Eyrrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar
legsteinagerð

Kjötkompaní

GRILLUM OG NJÓTUM



DALSHRAUN 13
Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐI 18
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29
101 Reykjavík

578 9700 | kjotkompani@kjotkompani.is

kjotkompani | www.kjotkompani.is

Skilti sett upp á Kænugarðstorgi



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri festi upp nýtt skilti í tilefni þessa ásamt fulltrúum samtakanna Support for Ukraine, en listafólkið og hjónin Óskar Hallgrímsson og Mariika Lobyntseva hönnuðu skiltið.

Torgið Kænugarður, sem stendur á horni Garðastrætis og Túngötu, gegnt rússneska sendiráðinu var formlega vígt 10. ágúst. Upphaf þess að nefna torgið eftir Kænugarði var innrás Rússa í Úkraínu og var nafngiftin samþykkt einróma í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar, enda mikill vilji til að sýna samstöðu með úkraínsku þjóðinni.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði við athöfnina að gjörningnum væri ætlað að styrkja tengslin við Úkraínu. „Þetta hefur fyrst og fremst táknræna þýðingu. Þetta stöðvar ekki stríð og linar ekki þjáningar en undirstrikar stuðning Reykjavíkur við Kænugarð og stuðning Íslendinga við Úkraínu. Og kannski undirstrikar líka að við þurfum að vera tilbúin að standa með Úkraínu og taka Úkraínufólki opnum örmum eins lengi og stríðið stendur. Við þetta tilefni tilkynnti Dagur einnig að Úkraínumenn yrðu heiðursgestir á Menningarnótt sem fram fer 20. ágúst næstkomandi.

Hjónin Óskar Hallgrímsson og Mariika Lobyntseva, sem er frá Úkraínu hönnuðu skiltið. Þau eru búsett í Kænugarði en voru nýlega hér á landi vegna myndlistarsýningar sinnar Ljómandi þægilegt í Gallery Port og skoðuðu þá torgið sem nú er kennt við Kænugarð. Óskar sem er ljónmyndari með meiru varð þekktur hér á landi þegar hann fór að birta ljósmyndir frá stríðsátökunum í Úkraínu og einnig fréttir. Óskar segir frá því að þau Mariika hafi kynnst á Photobook Festival og stutta útgáfan sé að hann féll bæði fyrir borginni og stúlkunni. „Og síðan höfum við verið þar í ástinni og listinni. Það hefur mótað listsköpun okkar að við viljum ekki sýna hryllinginn á bak við stríðið í Úkraínu heldur viljum við nálgast það með fegurð eða krúttleika“. Þau segja að þrátt fyrir stríð sjái þau mikla fegurð í landinu. Ekki síst í fólkinu því á milli íbúa hafi myndast svo sterk samstaða og samkennd.



Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, Ingibjörg Sigurjónsdóttir myndlistarmaður og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Ingibjörg hlaut Guðmunduverðlaunin

Ingibjörg Sigurjónsdóttir hlaut Guðmunduverðlaunin að þessu sinni. Ingibjörg er fædd í Reykjavík árið 1985. Hún lauk BA gráðu frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2010 og hefur tekið þátt í sýningum, gjörningum og öðrum verkefnum bæði á Íslandi og erlendis. Fyrir utan að sýna eigin verk hefur Ingibjörg starfað með öðrum listamönnum bæði að sköpun en einnig sem sýningarstjóri og við texta gerð um myndlist auk þess sem hún er ein af aðstandendum Kling og Bang sem nú starfar í Marshallhúsinu.

Erró stofnaði Guðmunduverðlaunin árið 1997 til minningar um móðursystur sína, Guðmundu S. Kristinsdóttur frá Miðengi. Með því vildi hann leggja sitt af mörkum til framþróunar íslenskrar myndlistar. Þetta er í 23. sinn sem styrkurinn er veittur og er það afar öflugur hópur listkvanna sem fengið hefur viðurkenninguna hingað til. Ingibjörg vinnur fjölbreytt myndlistarverk jafnt þrívíða skúlptúra, lágmyndir og rýmisverk sem teikningar og málaðar myndir. Fundinn efniviður sem oft lætur ekki mikið yfir sér er henni hugleikinn. Verk Ingibjargar einkennast af hverfullleika sem endurspeglast í efnisvalinu og ekki síður framsetningu verkanna. Hún teflir oft á tæpasta vað þegar kemur að því að ögra lögmálum stöðugleika og þyngdar þannig að áhorfandinn skynjar að undir býr áhætta um leið og mykt og næmi einkenna verkinn. Umhverfið og hversdagslegur efniviður eru henni uppspretta verka sem leita á dýptina og fjalla jafnt um hverfullleika hins nálæga sem mannlega tilvist í stóru samhengi himintungla sólkerfisins.



OPIÐ FYRIR ALLA

MATUR OG DRYKKUR Á SANNGJÖRNU VERÐI

HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ KL. 16 - 19 OG UM HELGAR TIL KL. 21.



Háskólatorg
Sæmundargötu 4
studentakjallarinn.is



STÚDEN TAKJAL LARINN

Enn reynt að selja Alliance húsið



Alliance húsið og veitingastaðurinn Matur og drykkur.

Erfiðlega hefur gengið að selja Alliance húsið á Grandagarði 2. Tilraunir borgarinnar til sölu þess hafa ekki lukkast. Nú hefur borgarráð samþykkt að hefja enn á ný sölufarli á húsinu og byggingarrétti á lóð þess.

Í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs borgarinnar til borgarráðs kemur fram að Reykjavíkurborg festi kaup á Grandagarði 2 árið 2012. Ytra byrði hússins er friðað og hóf borgin framkvæmdir fljótlega eftir kaupun. Var ytra byrðið gert upp í anda fyrri tíma en húsið er frá miðjum fimmta áratug liðinnar aldar. Í dag er starfrækt í húsinu Sögusafnið og veitingastaðurinn Matur og drykkur eru í húsnæðinu auk þess að nokkrir listamenn hafa aðstöðu á efri hæðum.

Á fundi borgarráðs 28. júní 2018 var samþykkt að hefja sölufarli á fasteigninni og meðfylgjandi byggingarrétti

með samkeppnisfyrirkomulagi. Með hliðsjón af sögulegu mikilvægi hússins og staðsetningu þess var lagt til að í stað beinnar sölu væri haldin samkeppni þar sem kaupverð myndi hafa 50% vægi en mat á umsóknum eftir hugmyndafræði, hönnun og samráði við nærumhverfi myndi hafa 50% vægi. Tilboð áttu að innihalda greinargerð þar sem umsækjandi gerði grein fyrir hugmyndum sínum um uppbyggingu á reitnum ásamt uppdráttum. Þrjú tilboð bárust í eignina, það lægsta 300 milljónir, það næsta 650 milljónir og það hæsta 900 milljónir. Öllum tilboðunum var hafnað. Nú verður ráðist í þriðja sölufarli á eigninni, sem Reykjavíkurborg keypti árið 2012 á um 340 milljónir króna. Á lóðinni má byggja 4.193 nýja fermetra ofanjarðar, undir verslun, þjónustu, íbúðir og hótélstarfsemi samkvæmt skipulagi

*Mikið úrval
af blómum
fyrir
öll tækifæri!*



blómagalleri

Hagamel 67 - 107 Reykjavík
S: 552 6070



Einfaldari Vasapeningar

Nýtt kort fyrir ungmenni 10 - 17 ára

- Nýtt kort fyrir ungt fólk
- Forráðamenn sækja um það í appinu
- Hægt að byrja strax að nota kortið
- Full yfirsýn yfir notkun þess

Kynntu þér kortið á

landsbankinn.is/vasapeningar

Fáferðugt í Hjartagarðinum

- rekstraraðilar telja sig þó sjá breytingar



Oft er fáferðugt á torginu á milli Hverfisgötu og Laugavegar.

Hjartagarðurinn milli Hverfisgötu og Laugavegs virðist ekki hafa staðið undir væntingum um mannlíf eftir að torginu var breytt í tengslum við endurbyggingu húsa við Hverfisgötu og Klapparstíg. Á sínum tíma var deiliskipulagi breytt og stærðir bygginga minnkaðar. Torg var gert til að gera skemmtilegt mannlífstorg í stað gamla Hjartagarðsins. Hugmyndir um mannlíf hafa enn ekki gengið eftir eins og vonast var til og of lítið er um mannlíf þar að dómi margra.

Ef til vill má að einhverju leyti rekja þetta til kórónuveirufaraldursins. Veitingastaðir við torgið voru ýmis lokaðir eða ekki í rekstri um tíma og því minna um mannaferðir. Þá hefur ekki tekist að skapa þá stemningu hittings og viðburða sem var í gamla Hjartagarðinum. „Garðurinn hefur ekki kveikt mikið líf og er svolítið misheppnaður að því leyti, öfugt við til dæmis Óðinstorg eða Káratorg við Frakkastíg. Það eru örugglega nokkrar ástæður fyrir því, ein ástæðan gæti verið að rekstur þarna á sumum þessara staða hefur verið erfiður. Fyrirtæki hafa þurft að loka og það hefur ekki verið mikið líf á jarðhæðunum í kringum torgið. Það er kannski þínulítill ráðgáta hvers vegna þetta hefur ekki gengið betur, þarna er gott skjól og sólin skín, tiltölulega lág hús í kringum garðinn. Þetta gekk betur í tvö sumur þegar borgin styrkti ýmis verkefni þarna en svo er það ekki lengur,” sagði Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi í samtali við Vísi á dögum. Rekstraraðilar við torgið benda á að líf sé vaxa á torginu. Vissulega hafi verið á brattann að sækja en þeir hafa góða von um breytingar í ljósi fleiri viðburða og aukinna mannaferða.

“Byggja á merkustu fyrirbyggjandi heilsufræðum veraldarsögunnar”

- segir Guðrún í Systrasamlaginu

Systurnar Jóhanna og Guðrún Kristjánsdætur eigendur heilshofnsins Systrasamlagsins við Óðinsgötu 1, hafa undanfarið ár staðið fyrir geysivinsælli svokallaðri 3ja daga endurræsingum sem byggir á því að borða svokallað Kitserí (kitchari) sem mun vera afar vinsæll indverskur réttur og af mörgum er talinn hin fullkomna næring. Bládamanni lék forvitni á að vita meira um málið:

“Kitserí er frábær blanda kolvetna, próteina og fitu. Í indversku lífsvísindunum, Ayurveda, er kitserí í miklum metum og gjarnan borðað meðfram andlegri iðkun eða þegar fólk vill draga sig í hlé um stund og hvíla meltinguna,” upplýsir Guðrún sem skoðað hefur indversku lífsvísindin í mörg ár og telur þau ein merkustu fyrirbyggjandi heilsufræði veraldarsögunnar. Enda hafi þau svo margt gott fram að færa sem staðist hafi tímans tönn. “Að mínu viti vinna þau vel með þeim vestrænu. Þau byggja raunar á fjölmörgu sem vestrænu vísindin hafa verið að sanna á síðustu árum. Þar langar mig t.d. að nefna að það eru innan við 10 ár sem sú stóra uppgötvun var gerð meðal vestrænna vísindamanna að sogæðakerfið væri einnig að finna í höfðinu. Þessi vitneskja hefur verið innan indversku lífsvísindanna í þúsundir ára.”

En aftur að hreinsuninni. “Það er búsna algengt að fólk fari á 3ja daga svokallaðar kitcherí hreinsanir. Þessi ljúfa endurræsing er iðkuð víða um heim þar sem jóga- og ayurvedafræðin hafa náð vinsældum, sem er í flestum fjölmenningsarsamfélögum. Margir fara 1x í mánuði í slíka endurræsingu yfir vetrartímam en sundum fer fólk í lengri hreinsanir, sérstaklega á vorin og haustin, eða þegar árstíðaskipti eiga sér stað.”

Að sögn systranna er kitsterí



Guðrún Kristjánsdóttir.

hin sanna töfræða, ekki síst yfir vetrartímam enda bæði vermandi, þægileg, bragðgód og auðmelt. “Mörgum þykir kitserí eiga betur við en kaldir safakúrar að hausti og vetri. Það frábæra við kitserí er að þetta er einfaldur réttur en um leið grunnur sem hægt er að framreiða á fjölmarga vegu. Hafa sem heitan rétt eða þynnri, næstum eins og súpu. Svo má leika sér með allskyns krydd og lækningajurtir sem eru bragðgóðar og líka góðar fyrir meltinguna og við ýmsu öðru.” Guðrún segir góða 3ja daga kitserí hreinsun sem innihaldi lífræn gæðahræfni ekki bara bæta meltinguna heldur auki jafnan orku, skerpi á bragðlaukum, jafni blóðsykur og jafnvel bæti geð.

Þegar er hægt að velja um 3 x þriggja daga endurræsingar



í september og 1x í október hjá systrunum í Systrasamlaginu.

Þið getið fylgst nánar með á www.systrasamlagid.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Medicus keypti Domus Medica

Fyrirtækið Medicus ehf. hefur keypt húsnæðið sem áður hýsti læknastöðina Domus Medica en henni var lokað um síðustu áramót. Medicus er í eigu sömu aðila og Heilsugæslan á Höfða.

Hinir nýju eigendur hafa ekki afráðið með öllu hvers konar starfsemi verður í húsinu en áhersla mun verða lögð á heilbrigðisþjónustu. Engin áform munu vera um að flytja starfsemi Heilsugæslunnar Höfða á Egils-götuna. Í dag er móttaka fyrir flóttafólk í húsinu og gert er ráð fyrir að hún verði þar eitthvað áfram.



Domus Medica við Egilsögötu.

RECARO
Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Yoga pop up og margt fleira á Aflagranda

- vetrarstarfið að fara af stað á Aflagranda og Vesturgötu

Áætlað er að hafa dag tileinkaðan yoga og líkamlegri og andlegri heilsu hjá Samfélagshúsinu Aflagranda 40 í október. Hugmyndin er að nýta þetta rými sem við höfum til að kynna fyrir Vesturbæingum hversu fjölbreytt yoga er og að allir geti fundið sér hreyfingu við hæfi óháð aldri og getu.

Nú er verið að leita að leiðbeinendum til að taka þátt í yoga pop upinu í október svo endilega heyrið í okkur ef þið eruð með annað hvort áhugaverð námskeið eða að selja eitthvað áhugavert sem tengist þeim lífsstíl. Við viljum fá til liðs með okkur einstaklinga sem eru menntaðir í yoga, pilates, yin jóga, hugleiðslu, reiki o.fl. Þessir einstaklingar myndu fá eina til tvær klst. hver fyrir opinn tíma þar sem þeir geta kynnt sína kennslu og fengið þannig gott svigrúm til að kynna sig. Ef einstakling vantar húsnæði til að hafa námskeið í vetur er hægt að skoða með það hjá okkur á Aflagranda hvort það sé pláss í dagskránni. Þrír salir verða í boði, einn stór sem getur rúmað um 20+ manns og svo tvo minni sem rúma svona um það bil 10 manns hvor. Iðkendur þurfa sjálfir að koma með dýnur og teppi.

Þessi viðburður verður ókeypis fyrir iðkendur og munum við auglýsa þetta bæði á facebook, instagram, vef Morgunbladsins og á fleiri miðlum til að fá sem flesta til að koma og kynna sér hvað er í boði. Ef þú/þið hafið áhuga á að vera með okkur á þessum frábæra degi þá hafðu samband við okkur í Samfélagshúsinu í síma 411- 2707 (Sigrún) eða komdu og hittu okkur og skoðaðu húsnæðið.

Viðburðir, veislur og annað á Aflagranda

Í samfélagshúsinu er átlunin að hafa viðburði fyrir Vesturbæinga svo sem flóamarkaði, spilakvöld, veislur,

sýningar og allt það sem Vesturbæingar kalla eftir. Öflugt starf er í húsinu á opnunartíma frá klukkan 9:00 til 15:45 en einnig er starf í húsinu eftir lokun, og er þá unga fólk með meira með völdin. Leitast er við að bjóða upp á fjölbreytt starf og þægilega samveru í hlýju umhverfi. Hér geta allir fundið eitthvað við hæfi og jafnvel farið út fyrir þægindarammann og prófað eitthvað alveg nýtt. Endilega ef þið hafið hugmyndir af starfi eða viðburði sem ykkur langar að sjá hér í samfélagshúsinu okkar, hafið samband við Sirí verkefnastjóra eða Helgu umsjónarmann félagsstarfs á skrifstofunni. Þær eru alltaf meira en til í nýjar hugmyndir og áskoranir.

Danssýning eldri borgara

Hópur frá Þorraseli - dagþjálfun aldraðra, Vesturgötu 7, hefur æft dansleikfimi frá því í vor undir stjórn Valgerðar Rúnarsdóttur sem stundar meistaranám í sviðslistum við Listaháskóla Íslands. Hún hefur starfað sem dansari og danshöfundur hérlendis og erlendis frá árinu 1998, eða allt frá því að hún útskrifaðist með BA-gráðu í samtímadansi frá Listaháskólanum í Osló.

Þetta hefur verið skemmtilegt verkefni og sýnir að eldri borgarar eru fjölbreyttur hópur sem er til í að taka nýjum áskorunum og að læra nýja hluti. Hópurinn munu sýna árangurinn á sýningu í sal Listkennsludeildar Listaháskóla Íslands n.k. fimmtudag 25. ágúst og laugardaginn 27. ágúst kl. 19.00 báða daganna.

Aðgangur er frír að sýningunum. Hægt er að nálgast miða á <https://tix.is/is/event/13769/let-s-dance/>



Danshópurinn frá Þorraseli.

Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**
 Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ
SKORRI
 SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM


Skorri ehf • Bildshófi 12 • 110 Rvk • 577-1515 • **NYTT**: vefverslun www.skorri.is

fá | FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning hefst 19. ágúst á slóðinni www.fa.is/fjarnam

Kennsla hefst 8. september



Blástjarna efans

Ný ljóðabók eftir Valdimar Tómasson

Valdimar Tómasson hefur sent frá sér bókina Blá stjarna efans. Þetta er sjötta ljóðabók höfundar en útgáfuferill hans hófst árið 2007 með bókinni Enn sefur vatnið. Valdimar er löngu þekktur fyrir ljóðagerð sína og skáldskap og hreinlega stundum kenndur við ljóðið í daglegu tali. Nýju bókina gefur hann út í minningu Vilborgar Dagbjartsdóttur.

Í ljóðum sínum í bókinni dvelur Valdimar við efann sem læðist að mannsálinni að degi sem nóttu. Að nokkru leyti í skugga heimsmála en einnig í spurningum heimspekinnar. Í ljóðinu Auðnir skýtur efanum upp en einnig hégómanum sem læðist eins og músin.



Valdimar Tómasson ljóðskáld.

Ekkert hús
ver mig hégóma

heldu býr honum stað.

Í bókinni sækir Valdimar nokkuð í þekktan ritstíl sem var til á fyrri hluta liðinnar aldar. Stíllbrögðum Steins Steinarrs begður fyrir. Stíll Valdimars hefur þróast og þroskast með tíðnum. Hvert sem hann sækir

yrkisefni sín. Að þessu sinni hafa vágastir heimsins leitað á huga hans. Steingerður Steinarsdóttir blaðamaður segir m.a. í umsókn um bók Valdimars. "Hvert einasta ljóð er dásamlegt og það er eiginlega ekki hægt að loka henni. Það þarf að lesa þetta aftur og aftur. Hér blikar blástjarna efans og fósturbarn angistar velkist friðlaust á galeyðu."

Borgarbókasafnið

Anime klúbbur í Grófinni

Anime klúbbur fyrir 9 til 12 ára verður starfræktur í Borgarbókasafninu í Grófinni í haust. Anime klúbburinn hefur verið starfræktur frá því í byrjun árs 2021 og fjölmargir krakkar meðlimir. Það er engin skyldumæting né þáttökugjald þannig að það er bara að mæta.

Hvað er gert í Anime. Þar er teiknað, spilað, spjallað, fönðrað, horft á þætti, gluggað í bækur eða bara "tjillað" með krökkunum. Anime klúbburinn er byggður þannig upp að þar finnst eitthvað fyrir eitthvað fyrir flesta. Félagar í Íslenska myndasögusamfélaginu sjá um að skipuleggja smíðjur og alls kyns afþreyingu, þar á meðal bíóferðir og hrekkjavökuböll og margt fleira. Anime klúbburinn í Grófinni hefst miðvikudaginn



Frá starfi í Animeklúbb.

21. september. Næsti klúbbur verður miðvikudaginn 19. október og síðan

16. nóvember. Opnað verður fyrir skráningu í klúbbinn 25. ágúst.

Leikskólinn Askja verður í Skógarhlíð í vetur

Skólastarf leikskólans Öskju og Barnaskólans í Reykjavík flyst tímabundið í Skógarhlíð og mun skólastarf þar hefjast að loknum sumarleyfum. Foreldrar barna í Öskju fá undanþágú á uppsagnarfresti á samningi við aðra leikskóla borgarinnar kjósi þeir að börnin haldi áfram dvöl þar.

Á vef Reykjavíkurborgar kemur fram að á fundi borgarráðs hafi verið samþykkt nýtt rekstrarleyfi fyrir Öskju að Skógarhlíð 6 og þar að auki hafi verið samþykkt aukin fjárveiting fyrir framkvæmdir á húsnæðinu við Skógarhlíð þangað sem starfsemi skólanna tveggja flytur í ágúst. Í tilkynningu Reykjavíkurborgar segir að áætlað sé að skólastarfið verði í Skógarhlíð þar til haustið 2023 þegar flutt verður í framtíðarskólahúsnæði.



Leikskólinn Askja.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Sýnum aðgát í umferðinni - skólarnir eru að byrja!

DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín

nettó

SKÓLA
MATUR

A4



VÍS

ORKAN

GARÐHEIMAR

Vesturbæjarblaðið

Húsið

Eftir Þórdísi Richardsdóttur

Húsið á sínum stað, óbreytt að sjá. Ég fyrir utan, endurhönnuð. Gluggar og hurðir hússins hér í Vesturbænum þar sem ég bjó áður en ég ákvað að skreppa, virðast ekkert hafa hrörnað. Sjálf er ég með nýja augasteina, brú í neðri góm og hárið hefur skipt um lit, snjóhvítt eins og gluggakarmarnir. Hörsusilki? Roskín byggingin bein í baki, tekin útdyrahurðin virðir mig fyrir sér, kringlóttar rúður minna á kýraugu. Tröppurnar upp að dyrunum eru þrjár, ekkert brotnað úr steypunni, handriðið heillegt enda úr járnri en málað bleikrautt, svipað og varaliturinn minn. Jæja, einhver smá breyting, aðeins að flikka upp á sig. Þá, þegar ég var með lykil að tekkhurðinni í vasanum, var ég ekki farin að veita því athygli að ég væri með hné, mjóbak eða mjaðmarliði, nei, líkaminn var bara þarna, til þjónustu reiðubúinn, tilbúinn að fæða af sér afkomendur, þúsund ár framundan. Það var þá helst þetta mánaðarlega sem gat sett babb í bátinn, - húsið gæti hafa haft spurnir af svoleiðis, þar hafa jú búið margar konur, kannski hefur hurðum verið skellt? En konan sem stendur hér nú hafði aðallega áhyggjur af að vera hálfri hæð of há, svalirnar of litlar, sumt of breitt, annað of bungandi, sjálf grindin allt of mjóslegin. Hún bar heim rjóma úr mjólkurbúðinni handan götunnar annan hvern dag, drakk hálf glas í hádeginu og steig svo á vigtina í vikulok. Vonaði að hún hefði þyngst. Öfugt við vinkonurnar sem allar voru í megrun. En, nei, hún þyngdist ekki. Húsinu var svo sem sama, umvafði hana hljúm örmum, teppalagt út í horn í hennar íbúð nema eldhúsið þar sem hægt hefði verið að halda einvígi í skák á gólfduknunum. Kæra hús! Hér er ég nú komin eftir - djísös, meira en fjörutíu ár og vildi getað snúið tímavélinni, svarað mér sjálfri í dyrasímann, já, já, hér er dyrasími, ekkert kódadót, hleypt þessari öldruðu útgáfu inn í stigaganginn og bent henni á að

ganga upp á fyrstu hæð þar sem ég stæði í útvíðum gallabuxum og hippavesti, ómáluð með skollitað hárið í tjásulegu tagli að deyja úr forvitni að fá að heyra hvernig hefði verið að flytja til Svíþjóðar, hvort hún hefði nokkuð saknað roksins, kuldans, rigningarsumranna, jarðskjálftanna, geðveikinnar? Örugglega ekki! Kannski að mætti sakna Vesturbæjarlaugarinnar, já

og hér í húsinu mjög gott að búa, hverfið best í bænum, ekki myndi hún vilja búa í Breiðholtinu. Þær gætu sest á sinn hvorn eldhússtólinn á tíglaólfinu, drukkið Gunnukaffi, jafnvel að hún skellti í pönnur, það er svo íslenskt, þessar sænsku víst svo seigar og þykkar og alltaf baunasúpa með. En húsið býður mér ekki inn, fiskbúð, bakarí og mjólkurbúð horfnar, trén hafa

stækkað til muna, mér er allt of heitt í sólinni, verkjar í bakið og vinstra hnéð, löngu hætt að drekka rjóma í hádeginu. Lykillinn í vasanum gengur að allt öðrum dyrum í allt öðru hverfi.

Þórdís Richardsdóttir er kennari og rithöfundur. Býr í Svíþjóð en á sterkar rætur í Vesturbæinn. Bjó við Dunhagann fyrr á árum.



Þórdís Richardsdóttir.

Laugarnar í Reykjavík

Frítt í sund

fyrir alla krakka!

Frá og með 1. ágúst verður frítt í sundlaugar Reykjavíkurborgar fyrir börn þar til þau ljúka grunnskóla – það er 1. ágúst árið sem þau verða 16 ára

Á hjálparstímanum 1717 starfa sérþjálfarar sjálfbærar sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla

Fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla er að hefja sitt 21. starfsár. Um og yfir 90 áfangar verða í boði. Opnað verður fyrir skráningu 19. ágúst og önnin hefst 8. september. Skráning og greiðsla er rafræn og fer fram á heimasíðu skólans.

Fyrir hvern er fjarnám?

Ég myndi segja að fjarnám er fyrir alla, allt eftir tilgangi og markmiðum. Mjög fjölbreyttur hópur nýtir sér fjarnámið á nánast öllum aldri. Það felast því mikil tækifæri í fjarnámi.

Hvaða tækifæri felast í fjarnámi?

Tækifærin sem fjarnám býður upp á eru mörg og margskonar. Í fjarnámi ber nemandi ábyrgð á eigin námi. Það reynir á skipulag og aga nemandans þar sem námið er óháð stað og stund en veitir nemendum tækifæri til að sinna náminu inn á milli annarra verka. Nemendur geta klárað stúdentspróf í heild sinni og bóklega hluta starfsréttindanáms hjá okkur ef aðstæður kalla á það hjá viðkomandi. Sumir taka staka áfanga sér til gamans; Íslendingasögur, bókhald, tungumál svo eitthvað sé nefnt.

Veruleikinn breyttist hjá ungu kynslóðinni eftir styttingu framhaldsskólans árið 2015 í þrjú ár. Gögn sýna að nemendur þurfa að fórna miklu ef þeir ætla að klára námið á þeim tíma. Í fjarnámi felast tækifæri fyrir nemendur til að dreifa álagi ef þeir ætla að ljúka námi á 3 árum og á sama

tíma að sinna uppbyggilegum áhugamálum. Unga fólk hefur áttað sig á þessu í meira mæli og eru framhaldsskólanemendur sem stunda nám í öðrum skólum fjölmennir hjá okkur. Þau nýta tækifæri fjarnámsins til að flýta fyrir sér eða til að endurtaka áfanga til að lenda ekki eftir á.

Við erum með stóran hóp nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla sem taka áfanga í fjarnámi hjá okkur. Þeir nemendur fá nám við hæfi sem fæst síðan metið inn í framhaldsskólana. Það flýtir fyrir þeim og gerir grunnskólunum kleift að koma til móts við styrkleika þeirra og hraða í námi.

Fjarnám veitir þeim sem hafa lokið stúdentsprófi tækifæri til að bæta við sig áföngum á efri stigum til að uppfylla inntökuskilyrði háskóla, hérlendis og erlendis.

Mjög algengt er að fólk sem vill hefja aftur nám að nýju eftir hlé leiti til okkar. Það er hægt að fá gamlar framhaldsskólalæningar metnar og tækifæri til að ljúka stúdentsprófi er alltaf til staðar og í boði sama á hvaða aldri viðkomandi er.

Hvað með fólk sem stundar eða hefur lokið starfsréttindanámi á framhaldsskólalæstigi?

Fjölbrautaskólinn við Ármúla menntar til löggildra starfa. Segja má að flaggskip skólans sé Heilbrigðisskólinn sem býður upp á fjölbreytt starfsréttindanámi á

heilbrigðissviði. Nemendur, hvort sem er í FÁ eða annarsstaðar, geta flýtt fyrir sér. Vel flestir bóklegir áfangar eru kenndir en þeir verklegu eru eðli málsins samkvæmt staðbundnir. Skólinn býður einnig upp á skilgreint viðbótarnám til stúdentsprófs eftir að starfsréttindanámi lýkur. Við erum því alltaf með stóran hóp nemenda sem hefur lokið starfsréttindanámi á heilbrigðissviði eða í iðnnámi sem vill bæta við sig einungum til stúdentsprófs og útskrifast frá okkur.

Hvar liggja áskoranir fjarnámsins?

Heimsmyndin er breytt eftir faraldurinn. Landslag menntunar og rafrænnar þróunar tók á sig aðra mynd. Fjarnám hefur verið í boði hjá okkur í FÁ í góð 20 ár og mikil reynsla hefur skapast en faraldurinn keyrði alla kennara og nemendur inn í umhverfi fjarnámsins. Kennarar skólans stóðu vel að vígi en í heildina má segja að skilningur á hvað aðgreinir staðbundið nám frá fjarnámi hafi aukist almennt. Eitt útilokar ekki annað og ef faglega er staðið að málum er námsmat í fjarnámi réttmætt. Fjölbreytileiki framtíðarinnar kallar mögulega á og styður við samsetningu beggja námsforma

Rafræn þróun menntakerfa felur meðal annars í sér að þróa aðferðir til að mæta nemandanum með eins fjölbreyttum hætti sem um staðbundið nám væri að ræða. Snjalltækni er okkar veruleiki, veruleiki sem við komum ekki til með að hverfa frá. Við erum byrjuð að fá kynslóð nemenda upp í framhaldsskóla sem frá fyrstu tíð hefur alist upp við snjalltækni. Slíkt mótartækni þeirra viðhorf til náms.



Hildur Jóhannsdóttir, fjarnámsstjóri Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Í þessum veruleika felast geysilegar áskoranir fyrir kennara en á sama tíma mikil tækifæri. Kennarinn þarf að útfæra kennslu og námsmat í takt við þróunina. Sú útfærsla þarf að varðveita fræðin en vera framsett með fjölbreyttum hætti til að halda athygli "snjall-heilans".

Hverjar eru áherslur fjarnáms FÁ?

Fjarnám FÁ leggur áherslu á fagmennsku í hvívetna. Framkvæmd fjarnáms FÁ er gæðavottað og uppfyllir kröfur sem tilgreindar eru í staðlinum ÍST EN ISO 9001:2015. Verkferlar eru skýrir, allir kennarar hafa lokið réttindanámi. Áfangarnir eru í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla eins og í staðbundnu námi. Námskröfur og matskvarðar eru þeir sömu og í staðbundnu námi og námsmat er fjölbreytt til að mæta sem flestum. Stanslaust samtal um áhrifaríkar leiðir í kennslu og námsmati, endurnýjun og þróun er í gangi í kennarahópnum í FÁ. Slíkt samtal hefur meðal annars átt sér stað um mikilvægi lokaprófa í staðbundnu námi og í fjarnámi. Dagskóli Fjölbrautaskólans við Ármúla er í dag skilgreindur sem símatsskóli sem þýðir að ekki er sérstakt lokaprófstímabil í lok annar.

Breytingin er á tilraunastigi en umræðan hefur vissulega náð inn í fjarnámið. Að mínu mati gengisfelli það nám í fjarnámi ef það byggir eingöngu á símati. Það sýndi sig í faraldurinum. Í fjarnámsáföngum í FÁ eru lokapróf. Prófin hafa mismikið vægi en í flestum áföngum þarf nemandi að ljúka 40-60% af námsmati áfangans með rafrænum hætti yfir önnina. Í fjarnámi tel ég skipta máli að nemendur spreyti sig og sýni hvað í þeim býr í lokaprófum.

Mikill metnaður og eljusemi einkennir kennara skólans sem búa yfir áratuga langri reynslu í að örva og leiða nemendur til náms. Einnig á sér stað þó nokkur endurnýjun starfskrafta, ungir kennarar hjá okkur fá einnig tækifæri til að kenna í fjarnámi og að mínu mati er það mikilvægt til að viðhalda faglegri þróun kennslunnar og stuðla að nýbreytni.

*Hildur Jóhannsdóttir
Fjarnámsstjóri
Fjölbrautaskólans við Ármúla.*



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sværri Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Dansskóli Birnu Björns fagnar 25 ára starfsafmæli

Dansskóli Birnu Björns fagnar 25 ára starfsafmæli skólans um þessar mundir. Það er heldur betur búið að vera mikið að gera hjá þeim eftir covid. Haldin var loks hin árlega danskeppni og voru þau með stór glæsilegar nemendasýningar í Borgar-leikhúsinu þar sem dansleik og söngleikjaleidd saman hesta sína og allir nemendur tóku þátt.

Nemendur og kennarar fóru til Spánar að keppa á Dance World Cup í sumar og náðum flottum árangri í öllum flokkum. Einnig fór nemendahópur í árlegu dansferð til London en þar sækja nemendur workshop og tíma hjá þekktum kennurum og danshöfundum og hópurinn kíkti á söngleiki og skemmti sér vel saman. Núna í haust bjóða þau upp á spennandi markvisst dansnám. Kenndir verða nokkrir dansstílar t.d. jazzballett, lyrical jazz, commercial, freestyle tækni, söngtíma, framkomutíma, spuna og leiklist. Kennt er frá þriggja ára aldri. Sýningar og keppnishópar verða á sínum stað og er margt spennandi framundan í vetur sem verður tilkynnt síðar.



Almar Orri semur við KR

Almar Orri Atlason hefur samið við körfuknattleiksdeild KR til 1 árs. Almar Orri er fæddur árið 2004 og er uppalinn í KR.

Almar hefur leikið með KR í gegnum alla yngri flokkana. Hann gekk til liðs við Stella Azurra í Róm á Ítalíu, veturinn 2019 til 2020. Almar lék sinn fyrsta meistaraflakksleik fyrir KR tímabilið 2020 til 2021, aðeins 16 ára gamall. Á síðasta tímabili spilaði Almar stærra hlutverk, kom við sögu í 20 af 22 leikjum í deild og skilaði 3,7 stigum og 1,6 frákasti að meðaltali í leik. Almar var valinn í 26 manna æfingahóp A-landslið karla í sumar, sem var liður í undirbúningi liðsins fyrir leiki í undankeppni HM.



Almar Orri Atlason.

Hannah Lynne til KR

Hannah Lynne Tillett hefur samið við KR. Hannah kemur til KR frá Chattanooga Lady Red Wolves.

Hannah Lynne Tillett kemur frá Bandaríkjunum og er fædd árið 2000. Hún er miðjumaður og áður en hún kom til Lady Red Wolves spilaði hún 36 leiki á tveim tímabilum fyrir skólalið Háskólans í Tennessee, Vols, þar skoraði hún þrjú mörk og kom með sex stoðsendingar. Hannah mun hjálpa KR í fallbaráttunni en þær eru núna í síðasta sæti með 7 stig eftir 13 leiki.



Gunnar nýr yfirþjálfari hjá sundinu

Gunnar Egill Benonýsson hefur verið ráðinn yfirþjálfari Sunddeildar KR. Hann mun taka við af Berglindi Ósk Bárðadóttur sem hefur verið yfirþjálfari hjá félaginu síðan árið 2015.

Gunnar er með MSc í Íþróttfræði frá Háskólanum í Reykjavík og hefur þjálfað sund í 7 ár m.a. hjá Breiðablik og Ármanni. Hann er einnig fyrrum sundmaður og gerði hann garðinn frægan með sunddeild Breiðabliks á árum áður.



FALLEGT HAUST framundan



Hreiðraðu um þig í hugleiðslu
Hafðu hugleiðslu- og jógaþingarnar sem fegra heimilið. Allskonar púðar og sessur sem eru listilega handprentaðar.



Himneskur haust hafragrautur
Töfrandi, lífrænn og bragðgóður. Fullkomin fyrir blóðsykurjafnvægið. Fáðu með fritt engiferskot milli 10-11 í september.



Dekraðu við þig
Fallegt úrval af gæða burstum, olíum, sápum og öðru dekri.



3ja daga endurræsing
Kynntu þér hina vinsælu og ljúfu 3ja daga endurræsinguna sem fram fer í september og október. Sala á plássum hafin.



www.kr.is



DANS

DEILD

SKRÁNING HAFIN

DANSSKOLIBB.IS

BIRNA@DANSSKOLIBB.IS



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
sysstrasamlagid.is
@sysstrasamlagid
Sími: 511 6367

KRÓNAN



Hæ Vesturbær!

Ert þú með hugmynd?

Krónan á Granda auglýsir eftir styrktarumsóknum

Við höfum áhuga á að taka þátt í uppbyggingu í samfélaginu og auglýsum eftir styrktarumsóknum.

Hvað getum við gert saman?

Árlega veitir Krónan styrki til verkefna í nærumhverfi verslanna Krónunnar. Stefna Krónunnar er að styrkja verkefni sem hvetja til hreyfingu og hollustu barna og/eða uppbyggingu í samfélaginu t.d. á sviði menningar og lista eða menntunar.

Til að sækja um þarf að fara inn á:

[kronan.is/styrkir](https://www.kronan.is/styrkir)

Umsóknarfrestur er til
31. ágúst 2022



Afgreiðslutímar á www.kronan.is